



Varðar: Grjótháls 8, (fsp) um breytingu á deiliskipulagi


Skoðuð var fyrirspurn Dap ehf., dags. 12. febrúar 2023, ásamt bréfi, dags. 13. febrúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 8 við Grjótháls sem felst í uppsetningu spennistöðvar, samkvæmt tillögu/afstöðumynd, dagsþ. 26. janúar 2023. Einnig er lagður fram séruppr. Framkvæmda- og eignasviðs landsupplýsingadeildar, dags. 3. september 2009.



hluti Aðalskipulags



Hluti deiliskipulags




Skipulagsleg staða: Lóðin er á athafnasvæði AT2/þróunarsvæði p81 samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, í gildi er breytt deiliskipulag fyrir lóðina sem öðlaðist gildi 14.2.2003.

Um AT2 segir:

„AT1, AT2. Hálsar, Höfðar; AT3. Gylfaflöt, Smálönd, Norðlingaholt Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmisfrelt verslun, svo sem bílasölur.

Samkvæmt deiliskipulagi má byggja innan byggingareits einnar hæðar byggingar með kjallara, allt að 6 m að hæð yfir gólfkóta, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum tengdum rekstri á lóðinni, svo framarlega sem nýtingarhlutfall er 0,15 eða minna.

Fyrirspurnin: Óskað er afstöðu til þess að byggja spennistöð við suður lóðarmörk við hlið skúrs sem þegar er þar.



Umsög/niðurstaða: Ágætlega þykir fara á því að spennistöðin myndi klasa á þeim stað á lóðinni sem um ræðir. Mælt er með því að lóðarhafa verði heimilað að láta vinna breytingu á deiliskipulagi þar sem gerður verði byggingareitur á þessum stað sem nær utan um þau mannvirki sem þar eru og í samvinnu við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa. Í þeirri vinnu verði skilgreind gerð mannvirkja m.a. útlit, frágangur og aðlögun að landi.

Fh Skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri